

Kostnaður vegna líffæraígræðslna

Heildarkostnaður TR vegna ígræðslna sem fram fóru á árinu 2001 var kr. 33.924.578. Þar af var sjúkrakostnaður á stofnunum erlendis kr. 27.458.742, ferðakostnaður kr. 1.433.224 og upphaldsdagpeningar kr. 5.032.612. Þessi kostnaður var vegna nýrnaígræðslna og skiptist þannig að kr. 17.971.088 var vegna þriggja ígræðslna nánýrna af biðlista og kr. 15.953.490 vegna þriggja ígræðslna frá lifandi nýrnagjöfum.

Samanburður við undanfarin ár:

Heildarkostnaður TR vegna líffæraflutninga var á árinu 2000 kr. 47,7 milljónir, á árinu 1999 kr. 58,5 milljónir, á árinu 1998 kr. 31,6 milljónir og á árinu 1997 kr. 49,5 milljónir.

Breytingar á árinu 2001

Biðlisti eftir líffærum lengdist. Upplýsingar frá Scandiatransplant benda til þess að biðlisti eftir líffærum sé styttri í Noregi og Svíþjóð en í Danmörku. Nefndin telur rétt að þetta verði kannað nánar.

Reykjavík, 19. desember 2002

Sigurður Thorlacius

Kristinn Sigvaldason

Páll Ásmundsson

Þorvaldur Jónsson

Una Björk Ómarsdóttir

Skýrsla líffæraflutninganefndar um árið 2001

Í nefndinni sitja Sigurður Thorlacius tryggingayfirlæknir (formaður), Kristinn Sigvaldason yfirlæknir, Páll Ásmundsson yfirlæknir og Þorvaldur Jónsson skurðlæknir. Ritari nefndarinnar er Una Björk Ómarsdóttir deildarstjóri á sjúkratryggingasviði TR.

Nefndin hélt fjóra fundi á árinu 2001.

Líffæri tekin til ígræðslu árið 2001

Á Íslandi voru líffæri tekin til ígræðslu í þremur tilvikum, öllum á Landspítala háskólasjúkrahúsi í Fossvogi. Tekin voru samtals 9 líffæri (4 nýru, 1 lifur, 2 hjörtu og 2 lungu). Tilvik sem uppfylltu skilmerki um heiladauða voru 7 (öll á Landspítala háskólasjúkrahúsi - 6 í Fossvogi og 1 við Hringbraut). Leitað var leyfis til líffæratöku í öllum 7 tilvikunum og var það veitt í fjórum. Líffæri reyndust nýtanleg og voru tekin í 3 tilvikum.

Utanferðir íslenskra sjúklinga vegna líffæraígræðslna (fjöldi einstaklinga)

	Ígræðslur	Eftirlit	Forrannsókn	Á biðlista í lok árs
Hjarta	0	0	0	0
Hjarta og lungu	0	0	0	0
Lungu	0*	0	0	4
Lifur	0	0	0	0
Nýru	6**	0	0	9

* Einn sjúklingur fór til Kaupmannahafnar í lungnaígræðslu, en tafðist af óviðráðanlegum orsökum á leiðinni og kom of seint, þannig að ekki varð af ígræðslu.

** Þrjár ígræðslur nánýra af biðlista á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn og 3 sjúklingar fengu ígrætt nýra frá lifandi gjafa á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn.

Forrannsóknir og eftirlit hér á landi

Enginn sjúklingur þurfti að fara utan í eftirlit eða forrannsókn á árinu.